

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 148/2024

frá 12. júní 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/584 frá 7. nóvember 2023 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2019/1851 að því er varðar einsleitni undirliggjandi áhættuskuldbindinga í einfaldri, gagnsærri og staðlaðri verðbréfun ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 31bkb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1851) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32024 R 0584:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/584 frá 7. nóvember 2023 (Stjtið. ESB L, 2024/584, 15.2.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/584, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2024 frá 12. júní 2024 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/584, 15.2.2024.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.